

Fundargerð Háskólaráðs 2.12.2015

Aðalból kl. 15.00

Málsnúmer: 1401008

Mætt: Vilhjálmur Egilsson rektor, Anna Elísabet Ólafsdóttir aðstoðarrektor, Halla Tinna Arnardóttir fulltrúi starfsmanna, Unnar Steinn Bjarndal fulltrúi kennara, Auður H Ingólfisdóttir fulltrúi kennara, Einar Svansson fulltrúi kennara, Jóhannes Baldvin Pétursson fulltrúi grunnema, Elís Bergur Sigurbjörnsson fulltrúi grunnema, Gauti Skúlason fulltrúi grunnema, Stefán Freyr Benónýsson fulltrúi Háskólagáttarnema, Hallur Jónasson fulltrúi meistaranema og Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri kennslu og þjónustu.

Áheyrnarfulltrúar: Ólafur Ísleifsson gæðastjóri og Hafsteinn Sæmundsson fjármálastjóri

Undir fyrsta lið sátu einnig eftirfarandi fundinn:

Frá gæðaráði: Stefán Kalmannsson, Jóna Dóra Ásgeirsdóttir fulltrúi nemenda, Anna Ólöf Kristjánsdóttir fulltrúi nemenda eru einnig í fagráði.

Frá fagráði: Hulda Ingibjörg Rafnarsdóttir, Sigrún Lilja Einarsdóttir og Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir

Dagskrá:

1. Gæðamál – sameiginlegur fundur með fagráði og gæðaráði

Rektor kynnir tilurð fundarins sem tengist m.a. gæðaúttekt á skólanum. Skýra þarf verkefni hvers sviðs varðandi gæðamál skólans.

Gæðastjóri fer yfir feril málsins frá því í september þegar niðurstaða úttektarinnar var kynnt. Skólinn skilaði viðbótarskýrslu fyrir tveimur vikum síðan. Nú liggur fyrir að úttektarnefndin kemur ekki á fund með HB í desember eins og vænst var. Búast má við að úttektarnefndin gæti komið hingað í byrjun febrúar, en ekki er hægt að fá nákvæma dagsetningu á þessu stigi máls. Fulltrúar spyrjast fyrir um hvað valdi seinkun og lýsa áhyggjum yfir því að það dragist að fá viðbrögð frá úttektarnefndinni við viðbótarskýrslu skólans.

Rektor fer yfir 15 helstu gæðaverkefni innan skólans og tilgreinir hver ber ábyrgð á hverju verkefni fyrir sig:

Efling rannsóknarsjóðs

Almennt mat á skipulagi lotukennslu

Zenter- kerfið

Tölfræði- og gagnaöflun

Þarfagreining fyrir kennslu- og nemendaskrárkerfi

„Benchmarking“ - prófessor frá Syd Dansk kemur til ráðgjafar HB í þessari viku

Eftirfylgni með nemendum sem eru ekki skráðir í skólann, en voru í námi síðasta skólaár

Samráð milli fagráðs, gæðaráðs og háskólaráðs um gæðamál. Rektor ber ábyrgð á á verkefninu

Endurskoðun á stjórnskipulagi skólans

Endurskoðun á gæðahandbók
Auka gildi staðnámsins
Auka gildi fræðslu fyrir kennara
Skjalastjórnun
Fræðslusjóður verður stofnaður árið 2016.

Formaður gæðaráðs spyr um hlutverk ráðsins varðandi eftirfylgni verkefna sem voru sett fram í úttektarskýrslum fagsviðanna þriggja.
Eðlilegt talið að gæðaráðið fari reglulega yfir verkefnið sem koma fram í skýrslunum þannig að unnt verði að fylgja þeim verkefnum sem er búið að ákveða.

Gauti Skúlason kom til fundarins undir þessum lið kl. 15.30.
Hallur Jónasson kom til fundarins undir þessum lið kl. 15.40.
Anna Ólöf Kristjánsdóttir vék af fundinum undir þessum lið kl. 15.45
Jóna Dóra Ásgeirsdóttir vék af fundinum undir þessum lið kl. 16.00

Fulltrúar úr gæðaráði og fagráði víkja af fundi.

2. Fundargerð síðasta fundar, 167 fundar.

Samþykkt.

3. Fjármál

Fjármálastjóri kynnir 10 mánaða uppgjör. Ræðir einnig fjárhagsáætlun fyrir árið 2016.
Elís Bergur Sigurbjörnsson vikur af fundi kl. 16.15.

4. Öflun nýrra nemenda fyrir vorönn

Rektor kynnir að nú hafi 35 umsóknir borist um háskólanám á vorönn 2016, búið að samþykkja 25 umsækjendur. Einnig er verið að hringja í nemendur sem voru í námi síðasta skólaár en skiluðu sér ekki í nám í haust.

5. Lögreglunám

Vinnuhópur á vegum innanríkisráðuneyti skilaði skýrslu um lögreglunám og bréf hefur borist frá ráðuneytinu til háskóla þar sem skólunum býðst að koma með hugmyndir um möguleika skólans til að bjóða uppá nám fyrir lögreglumenn. Tillögum var skilað til ráðuneytisins fyrir 1. desember sl. Eins og óskað var eftir af hendi ráðuneytisins. Beðið er eftir viðbrögðum ráðuneytisins og vonast eftir fundi innan tíðar vegna málsins.

6. Nám til löggildingar fasteignasala

Málið er komið í annan farveg en það var fyrir nokkru síðan. Hugsanlega möguleiki að bjóða uppá nám til löggildingar fasteignasala við skólann, verður væntanlega skoðað nánar innan fagráðs.

7. Alþjóðlegi sumarskólinn

Aðstoðarrektor kynnir undirbúninginn sem gengur frekar vel. Nokkrar umsóknir eru komnar og væntingar eru um fleiri.

Bendir á undirbúning að diplómanámi í nýsköpun og frumkvöðlafræði. Spurt um möguleika á námi í sáttamiðlun, hugsanlegt að skoða meistaranám á því sviði.

8. Samrekstur háskóla

Samstarfsnefnd hefur skilað skýrslu til menntamálaráðuneytisins, þar sem eru m.a. tillögur um fjárframlög til skólanna þriggja og þátttöku í samstarfsneti opinberu háskólanna. Sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur boðað til fundar 14. desember nk. til að ræða möguleika á samrekstri HB og LBHÍ. Þangað eru þingmenn boðaðir og fulltrúar frá bændasamtökum. Rektor og aðstoðarrektor munu fara á fundinn.

Sigrún Jónsdóttir og Anna Elísabet Ólafsdóttir viku af fundi.

Halla Tinna Arnardóttir tók við fundarritun.

9. Erindi frá nemanda: Trúnaðarmál

Fundi slitið kl. 17.00

Fundarritari: Sigrún Jónsdóttir

Fundargerð samþykkt 4. febrúar 2016